

Nd.

195. Nefndarátt

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19, 11. júlí 1911.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um frv. eins og það lá fyrir, og vill meiri hlutinn fella það; mun hv. meiri hluta þykja það of langt gengið, að hafnarsjóður hafi lögveð í skipi fyrir vörugjaldi til hafnarinnar og fyrir skaðabótum vegna skemda á hafnarvirkjum.

En það var af vangá, að ákvæðið um vörugjald var eigi undanskilið í frv. En nú hefir hafnarstjórnin í Reykjavík sent tillögu til breytinga á frumvarpsgreininni um að undanskilja vörugjald, og enn fremur leggur hann til að fella burt, að hafnarsjóður skuli fá lögveð í skipi, ef skemdir af þess völdum verða á hafnarvirkjum, og eru þá burtu numin þau ákvæði, er meiri hlutinn mun helst hafa sett fyrir sig.

Þau gjöld, er hafnarsjóður heimtír af skipum og bátum skv. 10. gr. laga nr. 19, 1911, eru þessi: Lestagjald, vitagjald, vörugjald (á að undanskilja skv. brtt.), bryggjagjald og festargjald; þá er og heimilt að taka gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, og eru þau ákveðin í reglugerð.

Þessi gjöld eru eigi það há, að þau geti sett veð í skipum í neina óvissu, þótt frv. yrði samþykkt þannig. En hinsvegar gæti það oft komið sjer óþægilega, að hafnarsjóður beitti kyrsetningu við skip og báta, þar til öll gjöld

til hafnarsjóðs væru greidd. En slíku þyrfti eigi að beita, ef hafnarsjóður hefði lögveð í skipi fyrir gjöldum.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Upphaf frumvarpsgreinarinnar skal orða svo:

Fyrir gjöldum þeim, er ræðir um í 10. gr. hafnarlaga fyrir Reykjavík-urkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911, öðrum en vörugjaldi, ennfremur sektum samkv. 17. gr. sömu laga, skal hafnarsjóður Reykjavíkur o. s. frv.

Alþingi, 22. mars 1926.

Jón Baldvinsson,
frsm. minni hlutans.